



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 08. desember 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru:, Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Lárus Sindri Lárusson, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson (Teams), Haraldur Pétursson, Þórdís Anna Gylfadóttir,

Fjarverandi: Sigrún Valþórsdóttir (veik)

1. Mál frá Þórdísi

Svíþjóðarferð gekk mjög vel og allt lítur út fyrir að þetta verði reglulegur viðburður, annað hvert ár. Enginn vafi á að þetta eflir félagsleg tengsl bæði barna og foreldra. Fyrirmyndafélag ÍSí, ýmislegt sem þarf að liggja fyrir eins og Skipurit, skipun áheyrnarfulltrúa unga fólksins í stjórn. Það þarf að finna útfærslu á því. 10 fyrirspurnir um pláss í Félagshesthúsi, Þórdís heldur utan um nafnalistann. Gott innlegg í samtal við bæjarfélögin. Þórdís skoðar samninginn við Reiðmanninn mtt. aðgengi að kaffiaðstöðu og almenna umgengi.

2. LM og Sprettur

Ákveðið að senda út frétt og hvetja félagsmenn til að tryggja sér „rafmagnsstæði“ á komandi Landsmóti. Áfram er verið að vinna í að tryggja Spretti hesthúsapláss fyrir keppendur.

3. Neyðarlýsing í Samskipahöllin

Tilboð barst í búnað fyrir lagfæringu á neyðarlýsingunni. Í framhaldi af því var rætt um mikilvægi þess að finna rafverktaka- og pípulagna fyrirtæki sem eru tilbúin til að taka að sér tilfallandi vinnu fyrir Sprett. Lárus og Davíð taka málið áfram.

4. Skötuveisla

Um 100 manns er skráðir í dag þmt. boðsmiðar. Leggja áherslu á að hafa samband við fyrirtæki Sprettara og fyrirtæki sem Sprettur hefur verið í samstarfi við. Lárus hittir ræktunarnefndina og auglýsir veisluna þar, allir að hafa samband þá sem þeir þekkja. Þórdís sendir auglýsingu á Instagram. Sigurbjörn heyrir í Hermanní Árnasyni með að vera ræðumaður.

5. Fjármál félagsins.

Samantekt á þróun sl. 18 mánaða frestað til næsta fundar. Staðan er annars ágæt þessa dagana.

6. Taðmál

Vinnuhópur um taðmál er búin að skila af sér tillögum. Katla og Davíð draga saman og skila til stjórnar.

7. **Fundur með bæjarstjórum**

Fundur með bæjarstjórunum gekk vel og það fékkst vilyrði fyrir fjárframlögum á árunum 2026 og 2027 fyrir uppbyggingu á félagshesthúsi. Þetta kemur til viðbótar við núverandi rekstrarstyrki. Stefnt er að því að undirrita viljayfirlýsingu snemma snemma á næsta ári og halda svo félagsfund og fá samþykki fundarins fyrir verkefninu. Bæjarfélögunum var bent á þörf fyrir meira reiðgólf í tengslum við uppbyggingu á félagshesthúsi ásamt því að klára frágang í kringum Samskipahöllina.

8. **Afmæli Hestamannafélagsins Harðar**

Spurning send á Sigrúni hvort hún hafi tök á að mæsta í afmælið með blóm og kort fyrir hönd stjórnar Spretts.

9. **Bikarar úr Firmakeppni**

Firmakeppnis bikarar hafa ekki verið áritaðir síðan 2018. Illa hefur gengið að finna upplýsingar um niðurstöður móta frá sama tíma. Ganga þarf í að klára þetta mál.

10. **Dagskrá Spretts eftir áramót**

Þórdís er með þetta í vinnslu, ekkert sem stendur uppá stjórn þar.

11. **Starfsmannamál**

Farið yfir starfsmannamál.

12. **Önnur mál**

Dagsetning fyrir Þorablótið var ákveðinn, föstudagurinn 6 febrúar. Heyra þarf í Matthildi með þessa dagsetningu. Þórdís setur á miðlana.

Ari í Loftorku vill heyra í Garðabæ og fá lánaðan sanddreifara sem við gætum sett aftan í traktorinn hjá okkur til að sanda reiðleiðir þegar þörf er á í vetur. Ari óskaði eftir að fá lánaðan pinnatætarann til að tæta gólfið hjá Sóta. Allir sammála því. Loftorkai er að klára að setja upp ljósastaura á nýju reiðvegastubbana.

Fundi slitið kl. 22:20

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson